



Reykjavík 9. mars 2023

Umsögn Samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs um Íþróttar- og æskulýðsstarf (hlutverk samskiptaráðgjafa, öflun upplýsinga o.fl.) 597. mál.

Á þeim árum sem samskiptaráðgjafi hefur starfað þá hefur reynsla og þekking aflast varðandi það hver þörfin og krafan er frá íþróttar og æskulýðsfélögum landsins. Það er mikill kostur að samskiptaráðgjafi starfi eftir lögum og hafa þau mótað starfið hingað til. Þó hefur það sýnt sig að þau félög sem samskiptaráðgjafi þjónustar og leiðbeinir hafa kallað eftir því að hlutverk samskiptaráðgjafa verði útvíkkað.

Félög óska eftir leiðsögn samskiptaráðgjafa í þeim málum sem upp geta komið hjá þeim. Þegar mál eru þess eðlis að þau eigi ekki heima í réttarvörslukerfinu hefur samskiptaráðgjafi tekið mál til könnunar. Þá hafa verið tekin viðtöl við málsaðila, ráðgjafinn leggur mat sitt á málið og gerir tillögur til úrbóta. Það er eitthvað sem félög hafa óskað eftir. Hvernig þau geti síðan haldið áfram og gert betur. Því telur samskiptaráðgjafi nauðsynlegt að það verði íjallað um ráðgefandi álit í lögnum sjálfum.

Starf samskiptaráðgjafa er bundið í lög, lögum samkvæmt á samskiptaráðgjafi að leiðbeina íþróttar- og æskulýðsfélögum í málum sem varða andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik. Gögn í slíkum málum innihalda yfirleitt viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar. Því er nauðsynlegt fyrir samskiptaráðgjafa að hafa skýra lagastoð til þess að vinna með slíkar upplýsingar þar sem þær berast ráðgjafanum í nær öllum þeim málum sem inn á borð berast.

Í tengslum við vinnslu viðkvæmra upplýsinga þá hafa íþróttar- og æskulýðsfélög óskað eftir því að samskiptaráðgjafi geti miðlað mikilvægum upplýsingum til sín og á milli félaga, meðal annars í vinnslu mála með það fyrir augum að auka öryggi iðkenda innan sinna raða.

Samskiptaráðgjafi metur það sem svo að frumvarp til breytingar á lögum um starfið séu nauðsynlegar til þess að uppfylla starfið á þann máta sem notendur þess hafa farið fram á.

Fyrir hönd samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs,

Hjálmar Karlsson
Sigurbjörg Sigurpálsdóttir
Þóra Sigfríður Einarsdóttir